

UPPLÝSINGAÖRYGGIS OG PERSÓNUVERNDARSTEFNA

NORÐURORKU

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Umfang upplýsingaöryggis hjá Norðurorku nær til innri starfsemi fyrirtækisins og allrar þjónustu sem Norðurorka veitir viðskiptavinum. Umfangið nær einnig til allra kerfa, hug- og vélbúnaðar sem eru í starfsstöðvum fyrirtækisins og í eigu Norðurorku.

Öll meðferð Norðurorku á persónuupplýsingum lýtur lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fyrirtækið vill vera til fyrirmyndar í meðferð persónuupplýsinga með gildi fyrirtækisins, *Virðing – Fagmennska – Traust*, að leiðarljósi. Norðurorka stuðlar að upplýsingaöryggi og faglegru meðferð persónuupplýsinga með því að:

- Vinna persónuupplýsingar með **lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum** hætti.
- Tryggja að persónuupplýsingar séu fengnar og unnar í **skýrum tilgangi**.
- Tryggja að persónuupplýsingar séu **nægilegar, viðeigandi og takmarkaðar**.
- Tryggja að persónuupplýsingar séu **áreiðanlegar og uppfærðar**.
- Persónuupplýsingar séu varðveittar á persónugreinanlegu formi í skilgreindan tíma og til samræmis við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.
- Persónuupplýsingar séu unnar með þeim hætti að **öryggi þeirra sé tryggt** eins og hægt er.
- Vera traust og áreiðanlegt fyrirtæki sem **ber virðingu fyrir rétti einstaklingsins** til persónuverndar.
- Hvetja starfsfólk og **fræða** um hvernig það getur varið upplýsingar og kerfi gegn áhættu.
- Stuðla að því að hagsmunaaðilar hafi **réttar** og **nauðsynlegar** upplýsingar þegar **á þarf að halda**.

Norðurorka uppfyllir skilyrði og kröfur persónuverndarlaga og laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og leitast við að gera enn betur þar sem slíkt er mögulegt.

Unnið verður að stöðugum úrbótum með áhættumati og eftirfylgni atvika sem upp kunna að koma og árangri á því sviði miðlað til almennings eins og þurfa þykir.

Umsjón með upplýsingaöryggis- og persónuverndarmálum og framfylgni upplýsingaöryggis- og persónuverndarstefnunnar er í höndum öryggisstjóra fyrirtækisins. Stefnan er kynnt starfsfólki og birt á heimasíðu Norðurorku.